



## Pemapping 2023

# Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

**Norðurlönd eru á meðal sjálfbærustu svæða heims og í fararbroddi þegar kemur að því að ná heimsmarkmiðum um sjálfbærni. Þrátt fyrir það stöndum við frammi fyrir miklum áskorunum, einkum í tengslum við græn umskipti og frekari samþættingu á Norðurlöndum.**

Í ágúst 2019 samþykktu norrænu forsætisráðherrarnir því **Framtíðarsýn okkar 2030** fyrir norrænt samstarf. Markmið framtíðarsýnarinnar er að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims 2030 og skal hún höfð að leiðarljósi í norrænu samstarfi, með áherslu á stefnumótandi markmið um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Hér má kynna sér grunnstöðuskýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um Framtíðarsýn okkar 2030 þar sem fjallað er um þróunina í átt til sjálfbærs og samþætts svæðis á Norðurlöndum (hlekkur á: <https://pub.norden.org/politknord2021-726>)

Fyrsta tímabil framtíðarsýnarinnar er 2021–2024. Framkvæmdaáætlun fyrir Framtíðarsýn okkar 2030 fyrir árin **2021–2024** er helsta stefnumótunarskjal um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og eru í henni sett fram 12 markmið á þremur stefnumarkandi áherslusviðum.

### Samstarfsáætlanir 12 ráðherranefnda

#### **Nú hefst vinna við næsta tímabil framtíðarsýnarinnar, 2025–2030**

Norðurlandaráð leikur mikilvægt hlutverk á næsta tímabili framtíðarsýnarinnar. Fyrir allar ráðherranefndir verða samdar samstarfsáætlanir sem segja munu til um vinnuna í tengslum við framtíðarsýnina á næsta tímabili.

### Stefnumótandi markmið:

- félagslega sjálfbær
- græn
- samkeppnishæf

#### **Framtíðarsýnin verður í brennidepli á þemappingi Norðurlandaráðs 2023**

Þemappingið á Íslandi 2023 verður upphafið að vinnu Norðurlandaráðs við næsta tímabil framtíðarsýnarinnar. Þar öflum við þekkingar, sköpum áhuga og búum til grundvöll fyrir umræður um tillögur okkar vegna vinnunnar við framtíðarsýnina og stefnumarkandi áherslusviðin þrjú 2025–2030. Hvernig tökumst við á við þau stóru sameiginlegu úrlausnarefni í tengslum við sjálfbærni, neyslu, framleiðslu, loftslagsbreytingar og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni sem við stöndum frammi fyrir? Hvernig höldum við áfram að vinna að því að afnema stjórnsýsluhindranir á milli landanna og forðast að búa til nýjar? Og hvernig nýtum við



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

### Framtíðarsýn okkar 2030

#### Félagslega sjálfbær

Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

#### Græn

Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

#### Samkeppnishæf

Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.

**Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims**

okkur lærdóminn af heimsfaraldri kórónuveiru í tengslum við ný vandamál? Og síðast en ekki síst, hvernig getum við áfram tryggt samnorræna sjálfsmynd, samheldni og gildi í velferðarsamfélögum okkar til framtíðar? Þetta og margt fleira er það sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum á Norðurlöndum. Framlag norræns samstarfs, sem kveða skal á um í samstarfsáætlunum fyrir árin 2025–2030, verður nauðsynlegur þáttur í að leysa þessi úrlausnarefni. Norðurlandaráð á að taka þátt í að móta samstarfið.

Norðurlandaráði gefst nú færi á að koma með tillögur að þeim pólitísku áherslum sem við viljum sjá í norrænu samstarfi innan stefnumarkandi áherslusviðanna þriggja á tímabilinu 2025–2030.

### Hvernig verður unnið að framtíðarsýninni á þemaþinginu 2023?

Þann 15. mars ætlum við að búa til þekkingu og efla áhuga á vinnunni í tengslum við framtíðarsýnina 2025–2030. Við ætlum að ræða eins mikið saman og við getum og fá fram tillögur sem hægt verður að vinna áfram með innan flokkahópa og fagnefnda og einnig almennt hjá Norðurlandaráði og Norrænu ráðherranefndinni.

Við höfum skipt ferlinu upp í fjögur skref fyrir þemaþingið:

1

Fyrir þemaþingið:

Umræður innan landsdeilda

2

Á þemaþinginu á mánudag:

Umræður í flokkahópum

3

Á þemaþinginu á þriðjudag:

Umræður á nefndafundum

4

Á þemaþinginu á miðvikudag:

Pólitískar umræður í þingsal



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

**Miðvikudagur 15. mars** Auk inngangserinda frá íslenskum ráðherrum velja flokkahópar fagnefndir fulltrúa til að fjalla um hvert stefnumarkandi markmið. Gefast mun færi til andsvara og í kjölfarið verður orðið gefið laust:

**Kl. 12.30–13.15**

### **Inngangur**

- Forseti Norðurlandaráðs
- Formaður samstarfsráðherranna
- Gestaræðumaður

**Kl. 13.15–13.25**

### **Hlé**

**Kl. 13.25–14.25**

### **Stefnumótandi markmið 1: Græn Norðurlönd**

- Inngangserindi frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra Íslands
- Innlegg frá forsætisnefnd og tækifæri til andsvara
- Innlegg frá flokkahópum og tækifæri til andsvara
- Innlegg frá fagnefndum og tækifæri til andsvara
- Orðið gefið laust
- Samantekt frá ráðherra

**Kl. 14.25–14.35**

### **Hlé**

**Kl. 14.35–15.35**

### **Stefnumótandi markmið 2: Samkeppnishæf Norðurlönd**

- Sama fyrirkomulag og áður. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunar-ráðherra Íslands flytur inngangserindi

**Kl. 15.35–15.45**

### **Hlé**

**Kl. 15.45–16.45**

### **Stefnumótandi markmið 3: Félagslega sjálfbær Norðurlönd**

- Sama fyrirkomulag og áður. Félags- og vinnumarkaðsráðherra Íslands flytur inngangserindi

**Kl. 16.45–17.00**

### **Samantekt**

- Samantekt frá formanni samstarfsráðherranna og varaforseta Norðurlandaráðs
- Forseti Norðurlandaráðs slítur fundi



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

### Eftir þemaþingið 2023

Unnið verður með tillögur frá þemaþinginu, þær mótaðar og svo sendar til flokkahópa og fagnefnda sem vinna munu áfram með þær fram að sumarfundum. Að þeim loknum verður unnið áfram með tillögurnar áður en þær verða lagðar fyrir á fundum í september.

Í september 2023 mun Norræna ráðherranefndin standa fyrir norrænni ráðstefnu þar sem ráðherrum, þingmönnum, almannasamtökum, fræðimönnum o.fl. mun gefast kostur á að ræða vinnuna að framtíðarsýninni frekar. Ráðherranefndin mun svo vinna drög að samstarfsáætlunum sem verða sendar Norðurlandaráði og samstarfsaðilum í borgaralegu samfélagi til umsagnar í febrúar 2024. Endanlegar samstarfsáætlanir verða samþykktar á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík haustið 2024. Í viðauka má lesa nánar um viðmið, tímaáætlun og aðkomu Norðurlandaráðs og annarra samstarfsaðila í norrænu samstarfi.

### Nánar um innihald framkvæmdaáætlunarinnar

Stefnumarkandi áherslusviðin þrjú í Framtíðarsýn okkar hafa verið ákveðin og munu jafnframt liggja til grundvallar í framkvæmdaáætlun og samstarfsáætlunum fyrir næsta tímabil framtíðarsýnarinnar, 2025–2030. Áherslusviðin skiptast í:

- Græn Norðurlönd: Við ætlum að greiða fyrir grænum umskiptum, vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.
- Samkeppnishæf Norðurlönd: Við ætlum að að efla grænan hagvöxt, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.
- Félagslega sjálfbær Norðurlönd: Við ætlum að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og öflugri menningu og velferð.



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

Umræður á þemaþingi Norðurlandaráðs 2023 um vinnuna vegna framtíðarsýnarinnar 2025–2030 gefa þingmönnum Norðurlandaráðs tækifæri til að setja fram pólitískar hugmyndir og óskir í tengslum við frekari vinnu við framtíðarsýnina og hefja pólitískt samráð við Norrænu ráðherranefndina.

Við sjáum fram á góðar og uppbyggilegar umræður um hvernig við sköpum í sameiningu sjálfbær og samþætt Norðurlönd á næstu árum.

Fórseti Norðurlandaráðs

Jorodd Asphjell

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss.



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

### Viðauki

MINNISBLAÐ



**Til** Norðurlandaráðs & NordicCiv  
**Afrit sent til** Norrænu ráðherranefndarinnar og embættismannanefndanna  
**Frá** Formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar og skrifstofunni  
**Efni** Aðkoma að gerð samstarfsáætlana fyrir árin 2025–2030

### Aðkoma að gerð samstarfsáætlana fyrir árin 2025–2030

Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykktu hinn 31. janúar 2023 leiðbeinandi reglur um vinnuna við Framtíðarsýn okkar 2030 á árunum 2025–2030 (sjá meðfylgjandi).

Í stuttu máli eru reglurnar eftirfarandi:

- 1) Stefnumarkandi áherslusviðin þrjú skulu liggja til grundvallar sem almenn meginmarkmið til að tryggja fókus í efnisáherslum.
- 2) Samdar verða samstarfsáætlanir fyrir hverja ráðherranefnd um sig og allar áætlanirnar teknar saman í framkvæmdaáætlun.
- 3) Samstarfsáætlanirnar skulu fela í sér skýra pólitíska forgangsröðun.
- 4) Samstarfsáætlunum skal skipt í tvær starfsáætlanir á tímabilinu.
- 5) Hafa skal samráð við Norðurlandaráð, almannasamtök og aðra hlutaðeigandi við áætlunarvinnuna.
- 6) Ráðherranefndirnar skulu vinna eftir sameiginlegri tímaáætlun við áætlunarvinnuna.

Í þessu skjali verður fjallað um 5. lið, þ.e. aðkomu Norðurlandaráðs, almannasamtaka og annarra hlutaðeigandi í vinnunni við gerð samstarfsáætlanna. Með aðkomu þessara aðila skal tryggja breiða samstöðu með því að veita þeim færi á að koma á framfæri tillögum og athugasemdum áður en ráðherranefndirnar samþykkja samstarfsáætlanirnar endanlega.

Vinnan við stefnumarkandi áherslur framtíðarsýnarinnar – græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd – á árunum 2025–2030 mun fyrst og fremst fara fram á grundvelli samstarfsáætlana Norrænu ráðherranefndarinnar. Samstarfsáætlunum er ætlað að lýsa pólitískum áherslum fyrir tímabilið, með setningu markmiða og undirmarkmiða fyrir viðkomandi málefnavið. Markmiðin skulu lýsa þeim áhrifum í formi breytinga á kerfi eða samfélagi sem Norræna ráðherranefndin vill ná fram en undirmarkmiðin skulu lýsa því sem gera þarf til að Norræna ráðherranefndin geti náð fram meginmarkmiðunum. Markmiðin og undirmarkmiðin skulu ákvörðuð út frá 1) greiningu á þeim áskorunum/tækifærum sem viðkomandi ráðherranefnd sér hvað varðar stefnumarkandi áherslusviðin þrjú og 2) mati á hvaða virðisauki/norræna notagildi ráðherranefndin sér til viðbótar við þær aðgerðir sem hvert land eða viðkomandi aðilar vinna nú þegar að.



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

### Viðauki



Athugasemdir og tillögur er koma frá hlutaðeigandi aðilum skulu varða samstarfsáætlunina efnislega. Aðkoman mun fara fram í tveimu áföngum. Í þeim fyrri eru lagðar fram tillögur um hvaða markmið og undirmarkið Norræna ráðherranefndin gæti sett sér. Í seinni áfanganum gefst færi á að gera athugasemdir við drög að samstarfsáætlun.

Hér að neðan er aðkomu mismunandi aðila lýst nánar:

#### Norðurlandaráð

Aðkoma *Norðurlandaráðs* skal verða snemma í ferlinu og fer hún fram með þátttöku í umræðum og með tillögum og athugasemdum hvað varða pólitísk efnistöð og forgangsatrói samstarfsáætlunarinnar undir hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum: græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.

Aðkoman er með eftirfarand hætti:

- 1) **Tillögur um forgangsröðun í samstarfsáætlun (febrúar - september 2023):** Norðurlandaráði gefst kostur á að leggja fram tillögu um pólitískar áherslur, gjarna fullmótuð markmið, sem ráðið telur æskilegt að hafðar verði að leiðarljósi í norrænu samstarfi um stefnumótandi áherslusviðin þrjú á árunum 2025–2030. Mikilvægt er að tillagan sé undirbúin og samin í samræmi við leiðbeinandi reglur um vinnuna við Framtíðarsýn okkar 2030 á árinum 2025–2030.

Tillaga Norðurlandaráðs í heild verður að berast á síðasta lagi 8. september 2023. Fyrir það mun Norðurlandaráði gefast færi á að fá upplýsingar frá formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar og skrifstofunni og taka þátt í umræðum, m.a. á þemaþinginu í mars 2023. Norræna ráðherranefndin mun einnig skipuleggja ráðstefnu um vinnuna við framtíðarsýnina í lok september 2023 þar sem fulltrúar Norðurlandaráðs munu geta tekið þátt í umræðum um tillögur um hverju norræn samvinna á að skila hvað varðar stefnumarkandi áherslusviðin þrjú.

- 2) **Álitsgjöf um drög að samstarfsáætlun (febrúar - júní 2024):** Samráð Norrænu ráðherranefndarinnar og Norðurlandaráðs um drög að samstarfsáætlun fer fram á vordögum 2024. Hvert fagsvið mun koma á ferli fyrir þessa aðkomu í samráði við viðkomandi fagnefnd Norðurlandaráðs. Það getur t.d. gerst þannig að ráðgjafi á fagsviði ráðherranefndarinnar tekur þátt í nefndarfundi eða skriflegri meðferð.



# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

### Viðauki



Norræna ráðherranefndin hefur álitid til hliðsjónar og gerir mögulegar breytingar á samstarfsáætlun eins og þörf þykir áður en ráðherrarnir samþykkja samstarfsáætlun endanlega og leggja fram sem ráðherranefndartillögu á þingi Norðurlandaráðs 2024.

#### 3) Möguleg önnur aðkoma (eftir þörfum):

Norræna ráðherranefndin kann að óska eftir aðkomu Norðurlandaráðs með öðrum hætti eftir því sem vinnunni við samstarfsáætlun vindur fram. T.d. með þátttöku ráðherra í fundum Norðurlandaráðs eða með því að formennskan bjóði fulltrúum Norðurlandaráðs til samræðna í tengslum við ráðherrafundi.

#### Almannasamtök og aðrir hlutaðeigandi

Aðkoma *almannasamtaka* skal verða snemma í ferlinu og skulu slíkir aðilar fá færi á að taka þátt á grundvelli viðkomandi hæfni með þátttöku í umræðum og koma með tillögur og athugasemdir hvað varðar pólitísk efnistöð og forgangsatridi í samstarfsáætlunum og hvernig efla megi samvinnu almannasamtaka með Framtíðarsýninni.

*Aðrir hlutaðeigendur*, t.d. fulltrúar atvinnulífs, skulu fá aðkomu að starfinu ef ráðherranefndin telur þörf á samkvæmt því ferli sem best hentar hverju sinni.

Aðkoman er með eftirfarandi hætti:

#### 1) Tillögur um forgangsröðun í samstarfsáætlun (febrúar - september 2023):

*NordicCiv*, norrænu samstarfsneti frjálsra félagasamtaka, gefst kostur á að leggja fram tillögu um pólitískar áherslur, gjarna fullmótuð markmið, sem samtökin telja æskilegt að hafðar verði að leiðarljósi í norrænu samstarfi um stefnumótandi áherslusviðin þrjú á árunum 2025–2030. Mikilvægt er að tillagan sé undirbúin og samin í samræmi við leiðbeinandi reglur um vinnuna við Framtíðarsýn okkar 2030 á árinum 2025–2030.

Tillaga *NordicCiv* verður að berast í síðasta lagi 8. september 2023. Fyrir það mun *NordicCiv* gefast færi á að fá upplýsingar frá formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar og skrifstofunni og taka þátt í umræðum, m.a. á þemaþinginu í mars 2023. Norræna ráðherranefndin mun skipuleggja ráðstefnu um vinnuna við framtíðarsýnina í lok september 2023 þar sem fulltrúar *NordicCiv* munu geta tekið þátt í umræðum um tillögur um hverju norrænu samvinna á að skila hvað varðar stefnumarkandi áherslusviðin þrjú.





# Þemaþing 2023

## Undirbúningur tillagna Norðurlandaráðs vegna vinnunnar við framtíðarsýn Norðurlanda tímabilið 2025–2030

### Viðauki



2) **Athugasemdir við drög að samstarfsáætlun í gegnum opinbert samráð (febrúar - júní 2024):**

Norræna ráðherranefndin veitir almannasamtökum og öðrum hlutaðeigandi færi á að koma með athugasemdir, í gegnum opinbert samráð, við drög að samstarfsáætlunum. Norræna ráðherranefndin birtir drögin á vefsvæðinu [norden.org](http://norden.org) í síðasta lagi í febrúar 2024.

Mögulegum sjónarmiðum almannasamtaka og annarra hlutaðeigandi hvað varðar drögin að samstarfsáætlun skal koma á framfæri á vordögum 2024. Fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar bera ábyrgð á því að birta opinbert samráð á [norden.org](http://norden.org) og safna saman þeim sjónarmiðum sem fram koma.

Norræna ráðherranefndin hefur álitid til hliðsjónar og gerir mögulegar breytingar á samstarfsáætlun eins og þörf þykir áður en ráðherrarnir samþykkja samstarfsáætlun endanlega.

3) **Möguleg önnur aðkoma (eftir þörfum):**

Norræna ráðherranefndin getur valið að fá að borðinu aðra aðila, fulltrúa NordicCiv, aðra fulltrúa frjálsra félagasamtaka eða aðra aðila, eftir þörfum eftir því sem vinnunni við gerð samstarfsáætlana vindur fram. Til dæmis með því að boða þá á fundi eða til þátttöku í vinnustofum með embættismannanefndum eða ráðherranefndum. Norræna ráðherranefndin hefur samband við viðkomandi aðila í slíkum tilfellum.